

Garðabær 10. september 2009.

Mættar:

Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Eygló Eyjólfssdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristjana Stefánsdóttir, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Sigrún Aðalbjarnardóttir yngri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir

Fimmtudaginn 7. september hófst vetrarstarf Gammasystra á því að hópurinn hittist á Hönnunarsafni Íslands, Lyngási 7 í Garðabæ. Forstöðumaður safnsins, Harpa Þórsdóttir, tók á móti okkur og leiddi okkur um safnið eftir að hún hafði frætt okkur um safnið og mismunandi áherslur í hönnun. Eins og Listaháskóli Íslands á safnið nú tíu ára afmæli. Fyrir kreppu stóð til að byggja nýtt hús undir safnið. Af því verður ekki í bili en þess í stað mun það flytjast á Garðatorg og verður staðsett í Hagkaupshúsinu. Á safninu er úrval íslenskrar hönnunar frá aldamótunum 1900, og þar má sjá þverskurð af mismunandi tegund hönnunar sem starfsfólk safnsins hefur safnað, list-, vöru-, húsgagna-, textíl- og grafíska hönnun. Á safninu er ekki einungis verið að safna listgripum og hlutum því einnig er verið safna heimildum um sögu hönnunar á Íslandi og hvernig hönnun hluta gengur fyrir sig stig af stigi. Íslenskir hönnuðir eru margir hverjir komnir í samvinnu við erlenda hönnuði og/eða starfa sjálfstætt hjá fyrirtækjum á borð við Crymogæu, Puma, Ikea, Christofle, Swedese og Källemo. Á Sauðárkróki er nú verið að koma upp sútunarverksmiðju þar sem súta á roð fyrir erlendan markað (Dior). Hönnun tengist menningu og segja má að íslensk hönnun sé á byrjunarreit þegar lítið er til alþjóðasamfélagsins, en í því samhengi erum við þiggjendur. Uppruni skandínávískrar hönnunar er í Danmörku, á eftir þeim komu Svíar og Finnar. Norðmenn brugðu á það ráð að koma á laggirnar gæðastefnu hvað varðar hönnunarmál.

Harpa sýndi okkur húsgagnageymslu safnsins þar sem við skoðuðum stóla, lampa, bekki og annan húsbúnað, svo sem áklæði og aðra hluti sem ýmist eru eða voru í framleiðslu. Hún benti okkur á mikilvægi þess að notuð væru rétt vinnubrögð þegar hlutir eru gerðir upp, t.d. réttur svampur þegar bólstra á gamla stóla eða sófa. Safnið er í samkeppni við Góða hirðinn, því þar geta góðir safngripir endað, en hver veit nema einn og einn gripur slæðist senn inn á safnið. Ekki var annað að heyra en Gammasystur skemmtu sér vel, þarna sáu þær borð sem gat líka verið stóll, fermingargjafirnar sínar og hina ýmsu hluti sem vöktu upp góðar og ljúfar minningar. Harpa tjáði okkur í lokin að það væri munur á safnara og safnara, safnari velur og hafnar, **safnari** safnar og safnar.

Eftir heimsókn á safnið keyrðum við í Kópavog á veitingastaðinn Muffin Bakery Hamraborg 3. Þar, ásamt því að funda og eiga góða stund saman, gæddum við okkur á gulrótarsúpu með engifer, kjúklingasalati og grísku salati, allt eftir því hvað hver og ein valdi sér.

Björg setti fundinn og sagði frá væntanlegu vetrarstarfi þar sem áætlað er að halda að vanda 8 fundi. Á næsta fundi, sem verður 14. október, munum við ræða um deildina okkar, hvert við viljum stefna og hvað við viljum taka fyrir á fundunum, tímasetningu fundanna og aðrar vangaveltur um stefnur og strauma er varða félagsskapinn. Segja má að þetta sé einskonar framhaldsfundur á fundi sem haldinn var í Kauppingi 2006, en á honum voru lögð drög að starfseminni til næstu tveggja ár. Á fundinn munum við bjóða þeim konum sem hefur verið haft samband við með tilliti til þess að þær gangi í deildina okkar. Fundur sem væntanlega verður haldinn 10. nóvember á að fjalla um starfendarannsóknir. Fundarmenn eru beðnir að benda á áhugaverða fyrirlestra um þetta efni.

Árný og Ingibjörg Jónasar sögðu okkur frá för þeirra á Evrópuþing Delta Kappa Gamma sem haldið var í Osló ágúst síðastliðinn. Af þeim 14 konum sem sóttu þingið frá Íslandi voru 6 úr Gammadeild og 3 þeirra voru með innlegg í vinnustofum. fyrirlestra eða námskeiðum.

Þetta var fyrsta þing á vegum DKG sem Árný sækir, henni fannst hún læra mikið um samtökin á að fara á svona ráðstefnu. Það sem henni fannst standa upp úr var hvað íslenskar konur stóðu sig vel, þær voru bæði með fyrirlestra og vinnustofur. Ingibjörg Jónasdóttir landsforseti klædd íslenskum þjóðbúningi var glæsileg þegar hún gekk í salinn ásamt öðrum landsforsetum við

setningu þingsins - það hreinlega geislaði af henni. Eygló Björnsdóttir fékk mikið hrós fyrir vefsíðugerð og síðast en ekki síst hlaut Sigrún Klara Hannesdóttir heiðursverðlaun frá alþjóðasamtökunum. Ýmislegt hefði mátt betur fara hvað varðar skipulagsmál og eins og gengur voru fyrirlesarar misjafnir að gæðum

Ingibjörg var nú í nýju hlutverki og upplifði þetta þing á annan hátt en fyrri þing sem hún hefur sótt.